

Kennsluáætlun



Textílmennt

Veturinn 2018 - 2019

3. bekkur

Kennari: Kristbjörg Hermannsdóttir

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunaraflinu sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verklegr kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Verkgreinar sem kennslugreinar eiga sér langa sögu. Markmið þeirra hefur bæði verið að búa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska þeirra. Umhverfi okkar byggist að miklu leyti á tækni sem er einn af skapandi þáttum menningar og mótar ásýnd hennar, inntak, merkingu og tilgang. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu. Verkfærni og skilningur, sem byggist á rótgrónum hefðum handverks, er einnig undirstaða að öflugri verkmenningu og nýsköpun. Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þess að hafa áhrif á það.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Lykilhæfni

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Hæfniviðmið **við lok 4. bekkjar** samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla greinasvið 2013.

Handverk, aðferðir og tækni.

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna,
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum.

Sköpun, hönnun og útfærsla.

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,
- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt,
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,
- leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.

Menning og umhverfi.

- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt,
- sagt frá nokkrum tegundum textílefna,
- fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna,
- Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Námsefni:

- Uppskriftir og vinnulýsingar frá kennara
- Fagblöð, bækur og internetið

Markmið í 3. bekk þar sem horft er til hæfnimarkmiða yngsta stigs samkvæmt aðalnámsskrá:

Að nemendur

- noti einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- þjálfí mismunandi útsaumsspor í mismunandi efni
- læri tunguspor, lykkjuspor og aftursting
- læri krossaum
- læri að vinna eftir þema og útfæra skissur af eigin hugmyndum
- þæfi í tvívídd eftir teikningu
- læri fingurprjón
- þjálfist að klippa
- kynnist saumavélinni
- taki þátt í umræðu um eigin textílverk og annarra
- skreyti textílvinnu á einfaldan hátt
- vinni úr nokkrum gerðum textílefna
- þjálfist í að vinna eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum
- hlusti og fylgi leiðbeiningum kennara
- vinni af áhuga og samviskusemi
- þjálfí frjóa og skapandi hugsun
- sýni umburðarlyndi og hjálpsemi
- vandi frágang á verkefnum
- gangi frá eftir sig
- gangi vel um tól og tæki í kennslustofunni
- geti sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt
- geti tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu

- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni

Leiðir:

Nemendur vinni verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra. Hæfniviðmið eru höfð til hliðsjónar við verkefnaval.

Námsmat:

Stuðst er við frammistöðumat þar sem m.a. virkni og vinnubrögð í tímum eru metin. Auk þess er horft til allra hæfnimarkmiða og einstakir matsþættir valdir og metnir sérstaklega.

Verkefni skólaárið 2018 - 2019

Verkefni	Lýsing	Hæfniviðmið
Krossaumur	Lítil mynd saumuð í krossaum. Nemendur vinna með óhlutbundið mynstur á blað sem þeir yfirfæra á javann.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni Notað ný og endurunnin textílefni
Þæfing og útsaumur	Nemendur vinni áfram með óhlutbundið mynstur beint á ullarkembuna þar sem ullarþráður fær að flæða frjálst um flötinn. Rætt verður um mynsturgerð og möguleika. Ræðum um óhlutbundin mynstur og hlutbundin, endurtekningu og speglun svo eitthvað sé nefnt. Nemendur sauma út í veggteppið og bæta við perlum að vild. Æskilegt er að nemendur prufi að sauma tunguspor, aftursting og lykkjuspor.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni Notað ný og endurunnin textílefni
Sjálfsmat	Litið verður á þæfingarverkefnið og nemendur skoða eigin verk og annarra. Nemendur tjái sig meðal annars um litaval og heildarútkomu. Hugmynd um að allir nemendur fari með myndina heim á sama tíma til þess að hægt sé að skoða þær saman og jafnvel sýna þær.	Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni
Umræða	Útsaumur í textíl. Fjallað um gildi þess að nota útsaum í	Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök

	textílvorkum og myndir skoðaðar	sem tengjast greininni
Saumavélin kynnt	Leikniæfingar í vélsaum og farið í helstu atriði saumavélarinnar. Nemendur saumi eftir línunum á blaði án tvinna.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni
Fingurprjón	Fingurprjón kennt og farið um leið yfir frumlitina, gulan, rauðan og bláan	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum Unnið úr nokkrum gerðum textílefna Unnið eftir einföldum munnlegum leiðbeiningum Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni Notað ný og endurunnin textílefni

Aukaverkefni

- Gata einfalda mynd í saumavél og þræða með nál. Nemandi teiknar sjálfur á karton.
- Vinaband snúið
- Guðsauga
- Prjóna
- Hekla
- Puttahekl
- Bókamerki útsaumað
- Filtverkefni saumuð í höndum

Birt með fyrirvara um breytingar
Kristbjörg Hermannsdóttir